

Föstudaginn 15. október 1982.

Nr. 194/1982. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Eggert Bjarna Arnórssyni.**

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilja var 30. f. m. birtur úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, en með honum synjaði dómariinn, Ásgeir Friðjónsson sakadómarari, kröfu varnaraðilja um, að hann viki sæti í málinu. Varnaraðili lýsti þegar yfir því, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðinum yrði hnekkð þar. Dómariinn sendi Hæstarétti gögn málsins 1. þ. m. og ríkissaksóknara sama dag. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu ríkissaksóknara.

Samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 getur ríkissaksóknari einn kært eða leyft aðilja að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um, að hann skuli eða skuli ekki fara með mál. Ríkissaksóknari hefur ekki veitt leyfi til kæru þessa úrskurðar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

### Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

27. september 1982.

Ár 1982, mánudaginn 27. september, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

### MÁLSATVIK.

Þann 1. október 1980 var hér við embætti kveðinn upp dómur

í sakadómsmáli nr. 507/1978 á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni, fæddum 13. september 1954.

Nefndur dómur var birtur 26. mars 1981, en honum sama dag af hálfu dómþola áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og dómsgerðir ásamt öðrum gögnum í framhaldi þar af send réttum aðiljum.

Málið mun verða tekið til flutnings fyrir Hæstarétti Íslands nk. föstudag.

Þann 5. mars sl. gaf ríkissaksóknari út ákæruskjal á hendur áðurgreindum Eggert Bjarna Arnórssyni vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Guðjóni Steinari Marteinssyni, fulltrúa hér við embætti, var úthlutað málinu til meðferðar.

Ákærubirting varð 29. mars sl. og þingfesting 6. apríl sl. sem mál nr. 916/1982.

Í síðastnefndu þinghaldi setti ákærði fram þá kröfu, að dómari víki sæti í nefndu máli. Var nánar eftir ákærða þar um bókad svo: „ . . . að það sé vegna meintrar ólögætrar málsmeðferðar í sakadómsmáli nr. 507/1978, auk þess telji ákærði, að ólöglega hafi verið staðið að rannsókn í máli því, er nú sé til meðferðar. Auk þess hafi ákærði kært dómstól þennan til dómsmálaráðherra og sé það mál enn óútkljáð og meðan svo sé, þá geti dómstóll þessi ekki litið óhlutlægt á málavöxtu.“

Dómari frestaði málsmeðferð, aflaði gagna varðandisíðastgreint atriði, er nánar verður vikið að hér á eftir, og lagði nefnd gögn fram á dómþingi 4. maí sl.

Þann 28. maí sl. var enn þingað í málinu í því skyni, að ákærða gæfist kostur „ . . . að afmarka og skjóta ljósari rökum undir kröfu sína um, að dómari víki sæti.“ Var ákærða í sama þinghaldi veittur frestur til 1. júní sl. að skila skriflegri greinargerð um áðurnefnda kröfu.

Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða, skilaði umbeðinni greinargerð fyrir dómi 3. júní sl.

Með hliðsjón af 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, svo og með vísan til dóma Hæstaréttar Íslands nr. 3 og nr. 14/1978 í XLIX. bindi dómasafns, bls. 58 og 88, þykir rétt, að kröfur áðurnefnds lögmanns verði teknar til úrskurðar í tvennu lagi.

Í þessum úrskurði verður því aðeins fjallað um þá kröfu, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, skuli talinn vanhæfur að vinna eða láta vinna að sakadómsmáli nr. 916/1982.

## I.

Í greinargerð áðurnefnds lögmanns segir m. a. svo:

„Ákærði telur, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, og fulltrúar hans séu ekki færir um að taka hlutlæga afstöðu í máli hans vegna fyrri afskipta dómara og fulltrúa hans að ýmsum málum ákærða, og telur ákærði, að framferði dómars og fulltrúa hafi verið með þeim hætti, að þeir geti ekki talist hlutlausir, þegar taka þarf afstöðu til hans mála nú.

Sakadómari Ásgeir Friðjónsson hafi haft óeðlilega mikil afskipti af öllum rannsóknum þessa máls og annarra og ýmis miður falleg orð hafi fallið í garð ákærða, er hann mætti fyrir dómi.“

Telja verður hinar tilvitnuðu fullyrðingar órökstuddar með öllu og rangar í ljósi framlagðra endurrita allra þinghalda í máli nr. 916/1982.

## II.

Í áðurnefndri greinargerð lögmanns segir einnig svo:

„Ein af ástæðunum fyrir því, að ákærði telur dómara við ávana- og fíkniefnadómstólinn ekki hlutlaus, er, að þeir hafi vísitandi stungið undan skjölum við rannsókn á málum hans. Kveðst ákærði hafa, meðan hann var í gæsluvarðhaldi, sent 13 bréf til dómara og þau hafi ekki komið fram. Þá hafi hann sent bréf til Dagblaðsins, en það bréf hafi verið gert upptækt að tilhlutan dómara. Einnig hafi verið send bréf til lögreglumanna og yfirfangavarðar, en þau hafi hvergi komið fram. Ennfremur hafi hann sent dómara skriflega afturköllun og ógilding á játningum sínum í þessu máli, en það komi hvergi fram í skjölum málsins.“

Umrædd bréf þóttu á sínum tíma vegna orðbragðs og efnis með öllu óframleggjanleg, en fylgja nú úrskurði þessum, þótt enn þyki flest, sem þar er ritað, ætluðu sakarefni lítt eða ekki viðkomandi.

Svonefnd „skrifleg afturköllun og ógilding játninga“, sem til er vitnað hér að ofan, er skráð móttækin af dómara 3. mars 1980, eða sama dag og gæsluvarðhaldsvist ákærða var framlengd um allt að 10 dögum, en þegar næsta dag, eða 4. mars 1980, gaf ákærði ítarlega skýrslu hér fyrir dómi samkvæmt framlögðum endurritum þinghalda.

## III.

Áður er rakin bókun ákærða, þar sem hann víkur ótiltekið að

meintrí ólögmati málsmeðferð í sakadómsmáli nr. 507/1978, og endurtekur margnefndur lögmaður þá fullyrðingu í fyrrnefndri greinargerð.

Engum haldbærum rökum hefur, að því er séð verður, verið skotið undir ofangreint, en ferill máls nr. 507/1978 hér að ofan rakinn til Hæstaréttar Íslands og verður því ekki frekar um fjallað hér.

#### IV.

Enn segir í greinargerð lögmannsins, Páls Arnórs Pálssonar:

„Ákærði heldur því fram, að fruntalegar aðgerðir fíkniefna-  
dómstólsins við birtingu ákæru síðastliðið haust beri þess glögg-  
an vott, að dómara geti ekki litið hlutlaust á mál hans.“

Hér mun sennilega átt við tilvik frá 4. nóvember sl., er ákærði neitaði án tilgreindra ástæðna að sinna boði dómars Þórðar Þórðarsonar að mæta fyrir dómi vegna rannsóknar máls nr. 830/1981. Áðurnefndur dómari skipaði í framhaldi þar af fyrir handtöku ákærða, sem færður var fyrir dóm með lögregluvaldi.

Tilvik þetta þykir engu varða um vanhæfi undirritaðs til meðferðar máls nr. 916/1982.

#### V.

Lögmaðurinn, Páll Arnór Pálsson, hefur í margnefndri greinargerð eftir ákærða, að málsmeðferð öll við rannsókn máls nr. 916/1982 „ . . . einkennist af óvild í hans garð og að dómara hafi margítrekað hagrætt bókunum til þess að gera hlut hans verri en til stóð og stundum hafi þeir ekki viljað bóka það, sem ákærði vildi láta hafa eftir sér.“

Páll Arnór Pálsson lögmaður, sem undirritar tilfærðar fullyrðingar, hefur um árabíl verið kvaddur til fjölmargra fíkniefnamála, ýmist sem réttargæslumaður eða verjandi, og ætti því að vita fullvel, að hér við embætti er og hefur ætíð verið farið í hvívetna að réttum reglum gagnvart grunuðum.

Hin áður tilvitnuðu ummæli virðast með öllu órökstudd og verða með vísan til framlagðra endurrita þinghalda talin ósönn.

#### VI.

Síðasta ástæða meints vanhæfis dómara, sem fundin verður í bókun ákærða í þinghaldi 6. apríl sl. og greinargerð margnefnds lögmanns, virðist sú, „ . . . að ákærði hafi ásamt öðrum staðið að tveimur öðrum kærnum á sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.“

Segir í niðurlagsorðum greinargerðar þar um: „Vegna þessara kærumála er enn frekari ástæða til að ætla, að dómari fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.“

Samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 9. október 1981, var ákærða tjáð, að ásakanir hans í garð undirritaðs og lögreglumanna, bornar fram við dómsmálaráðherra, þættu eigi gefa tilfni til aðgerða af hálfu ráðuneytis.

Sams konar niðurstaða var kynnt undirrituðum með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. október 1981.

Í sakadómsmáli nr. 827/1981 var einnig gerð krafa um, að dómari hér við embætti viki sæti vegna ofangreindrar „kæru“. Var síðan dæmt um þá úrskurði í hæstaréttarmálum nr. 242/1981 og 243/1981.

Slíkar „kæur“ þykja ekki af sjálfu sér geta valdið vanhæfi dómara til meðferðar einstaks máls né með vísan til 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 valdið slíku.

Að ofanskráðu öllu athuguðu og virtu þykja engin rök til að verða við margnefndri kröfu lögmannsins, Páls Arnórs Pálssonar.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð úr hófi vegna mikilla embættisanna dómara.

#### Úrskurðarorð:

Krafa Páls Arnórs Pálssonar f. h. Eggerts Bjarna Arnórs-sonar um, að sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum skuli talinn vanhæfur til þess að vinna eða láta vinna að framan- greindri rannsókn, er ekki tekin til greina.